





RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2010-2022 - Breyting á vatnsverndarsvæði



Breytt aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

GREINARGERÐ

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að fella út vernd á hluta vatnsverndarsvæðis ofan byggðar á Rangárvöllum. Svæðið verður áfram skilgreint sem landbúnaðarsvæði og opið óbyggð svæði. Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og kafla 7.2 í greinargerð. Ljóst er að vatnsverndarsvæði í sveitarfélaginu eru sum hver afmörkuð rúmt m.a. vegna takmarkaðra rannsókna á svæðunum en þó kemur fram að gnægð er af göðu neysluvatni í sv.félaginu. Þá óskuðu landeigendur eftir endurskoðun á mörkum vatnsverndarsvæðis. Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem var staðfest 2. febrúar 2011.

1. LÝSING / NÁTTÚRUFAR

Svæðið sem um ræðir er víðfemt hraunasvæði ofan byggðar og nær það allt til Heklu. Undan hraunum spretta nokkrar lindir, sem afkasta hver um sig mun meira vatni en sveitarfélagið þarf. Leitað var ráðgjafar hjá ISOR um mörk vatnsverndarsvæðis og er niðurstaða birt í skýrslu, dagsett 15.10.2012: *Vatnsverndarsvæði við Keldur á Rangárvöllum*. Í skýrslunni er sett fram tillaga að breyttum mörkum grunn- og fjarsvæða og er afmörkun vatnsverndarsvæða á breyttu aðalskipulagi í samræmi við þá tillögu. Ljóst er að á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu eru lindir sem geta þjónað sem framtíðarvatnsból fyrir svæðið. Vatnsþörf Rangárþings ytra verður um fjórsjándaga framtíð langt innan við það magn sem lindir á þeim vatnsverndarsvæðum gefa af sér.

2. VATNSVERNDARSVÆÐI

Gert er ráð fyrir að brunnsvæði sem kennd eru við Stokkalæk og Hróarslæk falli út. Þá verður grannsvæði í Heiðarhrauni og Brekknaheiði minnkað. Einnig minnkar fjarsvæði sem kennt er við Sandgilsbraun. Gerð er breyting á greinargerð aðalskipulags, kafla 7.2 um verndarsvæði neysluvatns. Í töflu yfir brunnsvæði falla út lindir sem kenndar eru við Stokkalæk og Hróarslæk. Í töflu yfir grannsvæði breytist textinn fyrir Heiðarhraun og Brekknaheiði og verður eftirfarandi: *"Viðfemt hraunasvæði ofan byggðar á Rangárvöllum. Svæðið er aðrennslissvæði allra þeirra lindasvæða sem eru skilgreind sem brunnsvæði við hálandisjadarinn. Svæðið hefur verið afmarkað í samráði við ISOR"*.

4. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR

Við greiningu á þeim þáttum sem talið er að geti orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta breytinguna út frá eftirfarandi umhverfisþáttum:

- Samfélag og byggð, s.s. byggð, ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi.
- Náttúrafarslegir þættir, s.s. gróður.
- Heilsa og öryggi, s.s. öryggi við öflun neysluvatns og mengunarhatta þess.
- Vernd, s.s. vatnsvernd.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu hér neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa.

UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á				
VALKOSTIR	Samfélag og byggð	Náttúra	Heilsa og öryggi	Verndarsvæði
Breytt aðalskipulag	Eykur nýtingarmöguleika lands að fella út vatnsvernd. Miklar gjöfular vatnslindir eru í sv.fél. Nægt neysluvatn er tryggt til langrar framtíðar.	Engin áhrif.	Áfram verða fjölbreyttir möguleikar til neysluvatnsöflunar í sveitarfélaginu og íbúum tryggt gott vatn.	Vatnsverndarsvæði minnkar.
Aðalskipulag 2010-2022	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.

■ Jákvæð áhrif ■ Neikvæð áhrif □ Óveruleg áhrif

5. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Það er ljóst skv. áðurnefndri skýrslu ISOR að þau brunnsvæði sem njóta vatnsverndar á aðalskipulagi gefa af sér miklu meira vatn en sveitarfélagið hefur þörf fyrir í fjórsjándaga framtíð. Það er þó af hinu góða að hafa vel skilgreind og stór vatnsverndarsvæði og hugað til langrar framtíðar varðandi vatnsöflun, því matvælaíðnaður stendur og fellur með göðu neysluvatni. Þrátt fyrir breytingu á vatnsvernd ofan byggðar á Rangárvöllum þá eru enn eftir vatnsmiklar vatnsbólslindir sem njóta vatnsverndar. Það er því niðurstaða sveitarstjórnar að óhætt sé að aflétta vatnsvernd á hluta svæðisins án þess að gengið sé á möguleika til öflunar góðs neysluvatns í fjórsjándaga framtíð.

Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Byli / eyðibýli
- Fristundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Námur

Samgöngur

- Tengivegir og héraðsvegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Reiðleiðir

Veitur

- Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv

Vernd

- Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- Hverfisvernd vegna fornminja
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
- Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla

Mörk

- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá _____ til _____
Tillagan var kynnt; _____
Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ til _____

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8614 SA104 Mkv: 1:50.000 Blaðstærð: A2	Dags: 04.01.16 Breytt:
Hannað: GG, AJ, IS Teiknað: IS	Samþykkt:	Í VINNSLU